

Forgangsmál (verkefni) 2020:

- 1) Stefnuráð mun halda áfram að taka virkan þátt í þróun stefnumótandi tækja vegna laga um opinber fjármál (LOF), sem og aðferða sem miða að aukinni samhæfingu og skilvirkni.
- 2) Efla almenna þekkingu og hæfni við stefnumótun.
 - Eftirtalin námskeið verði haldin á árinu 2020 í samstarfi við Stjórnarráðsskólann:
 - ✓ Grunnnámskeið um helstu hugtök og afurðir opinberrar stefnumótunar,
 - ✓ Námskeið um markmið og mælikvarða í opinberri stefnumótun,
 - ✓ Námskeið um stöðumat og valkosti í opinberri stefnumótun,
 - ✓ Námskeið um drög að stefnu í opinberri stefnumótun,
 - ✓ Námskeið um langtímastefnumörkun: framtíðarsýn og sviðsmyndir í opinberri stefnumótun.
 - Stefnuráð mun halda kynningar um ólíka þætti stefnumótunar með ráðuneytunum og stofnunum eins og kostur er.
 - Unnið verður að því að útvíkka stefnumótunarvinnuna með því að kynna framtíðarfræði með markvissari hætti fyrir starfsmönnum STJR.
 - Unnið verður áfram í samstarfi við Stjórnarráðsskólann að fá erlenda sérfræðinga og ráðgjafa til að sinna viðbótarfræðslu fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins.
- 3) Uppfærsla leiðbeininga um stefnumótun.
 - Stefnuráð mun sjá til þess að leiðbeiningarit um stöðumat og valkosti og drög af stefnu taki á hverjum tíma mið af því nýjasta og helsta sem er að gerast í heimi stefnumótunar hverju sinni.
- 4) Könnun um stefnumótun og áætlanagerð innan Stjórnarráðsins.
 - Niðurstöður úr könnun Stefnuráðs verða birtar á vef Stjórnarráðsins þegar þær liggja fyrir.
 - Á grundvelli niðurstaðan úr könnuninni verða unnar tillögur að umbótum.
- 5) Vefur Stefnuráðs:
 - Viðhalda öflugri vefsíðu um stefnumótun á vef Stjórnarráðsins þar sem m.a. má finna upplýsingar um hlutverk ráðsins, afurðir, fræðsluefni, skapalón, sniðmát, tilmæli o.fl.
- 6) Þróun áformaskjala fyrir stefnumótandi áætlun
 - Unnið verður að því að þróa áformaskjal í formi einblöðungs fyrir mótun stefna og áætlana innan Stjórnarráðsins.